

Nd.

**584. Frumvarp til laga**

[220. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi 1969—70.)

**1. gr.**

Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Við ákvörðun skattskyldra tekna á skattárinu 1969 skulu skattstjórar draga frá tekjum ársins 1969 fjárhæð, sem sé jöfn 20% af gjaldfærðum fyrningum fasteigna skattþegns, öðrum en íbúðarhúsnæði, fyrir árið 1968 og 40% af gjaldfærðum fyrningum lausafjár skattþegns, þar með talin skip og loftför, fyrir árið 1968, miðað við þær eignir, sem hann átti allt árið 1969, en að frádregnum þeim viðbótarfyrningum, sem hann kann að hafa fengið á árinu 1969 vegna gengistaps á árinu 1968.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1969.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Að tilhlutan fjármálaráðherra hefur fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis lagt fram í neðri deild frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þess er ekki að vænta, að það frumvarp nái afgreiðslu á þessu þingi. Ákvæði það, sem hér er gerð tillaga um, er tekið úr greindu frumvarpi og er eina ákvæði þess, sem afdráttarlaust var ætlað að hafa áhrif við álagningu skatta árið 1970 vegna ársins 1969.

Um greinargerð fyrir frumvarpinu vísast til greinargerðar með áður nefndu frumvarpi á þingskjali nr. 530. Efni frumvarpsins er að hækka nokkuð við álagningu skatts vegna ársins 1969 fyrningu af eignum, sem fyrirtæki áttu í árslok 1968. Þessari ráðstöfun er ætlað að veita nokkuð upp á móti því, hversu raunverð fyrningar á upphaflegu kostnaðarverði rýrnaði við gengisbreytinguna 1968.